

um fáí fœði á kostnað kirkjunnar. Hreppsnefndin verður að leggja út til bráðabirgða 32 þennan kostnað sje hann nauðsynlegur og jafna honum niður. Alíti hún, að hún hafi 21. febr. rjettar- eða sanngirniskröfu til að fá kostnaðinn endurgoldinn úr landssjóði, verður hún að fara slíks endurgjalds á leit við alþingi; en vilji hreppsnefndin ekki sætta sig við þau úrslit, er slík beiðni kynni að fá í fjárlögum landsins, er ekki annað ráð en að leita til dómstólanna.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 33 fyrirkallsfrest til sátta. — Út af fyrirspurn sáttanefndarinnar á Akureyri hafið þjer, 22. febr. herra amtmaður, leitað álits míns um það, hvort fyrirkallsfrestur til sátta í tjeðum kaupstað sje kvöldfrestur eða fjórir dagar, eins og í sveitum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að spurning um fyrirvara fyrir sáttatilraun sætir úrlausn dómstólanna; en að jeg fyrir mitt leyti er yður samdóma um, að fyrirmæli 23. greinar tilskipunar 20. jan. 1797 hafi lagagildi alstaðar hjer á landi, og heimila þau þeim, er kallaður er yrir sáttanefnd, 4 daga fyrirvara.

— Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á fátökum brauðum. — Samkvæmt 34 tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 20. þ. m. skal 4500 kr. þeim, sem með 24. febr. 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna eru veittar fyrir árið 1882 til bráðabirgðauppbótar fátök- um prestaköllum skipt þannig, að

		flutt: 1950 kr.	
1. Skeggjastaðir	fái 100 kr.	15. Kirkjubólsping	fái 200 —
2. Desjamýri	— 100 —	16. Staður í Aðalvík . . .	— 400 —
3. Kálfafellsstaður . . .	— 200 —	17. Staður í Grunnavík . .	— 150 —
4. Sandfell	— 400 —	18. Tröllatunga	— 100 —
5. Kálfholt	— 150 —	19. Tjörn á Vatnsnesi . . .	— 100 —
6. Stóruvellir	— 100 —	20. Hvammur og Keta . . .	— 200 —
7. Efri-Holtaping	— 100 —	21. Fell	— 200 —
8. Staður í Grindavík . .	— 200 —	22. Goðdalir	— 100 —
9. Hestþing	— 100 —	23. Stærri-Árskógur . . .	— 100 —
10. Lundur	— 100 —	24. Miðgarður í Grímsey .	— 100 —
11. Hvammur í Norðurárdal	— 100 —	25. Hvanneyri	— 200 —
12. Skarðsping	— 100 —	26. Kviabekkur	— 200 —
13. Gufudalur	— 100 —	27. Þönglabakki	— 300 —
14. Sauðlauksdalur . . .	— 100 —	28. Lundabrekka	— 200 —
flyt 1950 —		Alls 4500 —	

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum og vísa jeg um útborgun þessara upp- bóta til ráðgjafabrjefs 11. nóvbr. f. á. (B. 161).